



### Minnisblað - eignarhald og framtíð Félagsheimilisins á Flateyri

Í upphafi árs 2023 hófst vinna við að skrá eignarhald Samkomuhússins á Flateyri með réttum hætti, en húsið að Grundarstíg 21, fnr. 212-6452, var skráð í þinglýsingabækur skv. gömlu samkomulagi í eigu félags sem kallaðist *Eigandafélag Félagsheimilisins á Flateyri*. Skráður gjaldandi og umráðamaður var Ísafjarðarbær. Skráning þessi byggðist á afsali frá hreppsnefnd Flateyrrahrepps þar sem húsið var selt og afsalað til *eigendafélagsins* þann 19. júlí 1978 og þinglýst 28. ágúst 1978. Umrætt *eigendafélag* er óskráð og ekki með kennitölu, og finnst hvorki gögn hjá Ríkisskattstjóra eða sýslumanninum á Vestfjörðum um skráningu félagsins.

Fyrir lá fundargerðarbók *eigendafélags félagsheimilisins á Flateyri* fyrir tímabilið mars 1973 til mars 1984. Forsvarsaðilar og eigendur *eigendafélagsins* eru hreppsnefnd Flateyrrahrepps, verkalýðsfélagið Skjöldur, íþróttafélagið Grettir og kvenfélagið Brynja. Á árunum 1973 til 1978 má lesa umræðu um að *eigendafélagið* yfirtaki félagsheimilið frá fyrrgreindum þremur félagasamtökum og hreppnum, sem áttu húsið saman (ekki í gegnum félag). Mikill taprekstur var í starfsemi, en félögin skyldu leggja fram vinnuframlag og hreppurinn taki á sig greiðslu skulda. Virðist samningur hafa verið gerður í lok árs 1976 um að *eigendafélagið* yfirtaki húsið, en bið var eftir afsali, og ítrekað við sveitarstjóra að ganga frá afsali árið 1977, sem er svo gert 1978, sbr. ofangreinda skráningu.

Enn var taprekstur næstu ár á eftir, og á aðalfundi í mars 1984 kom fram tillaga um breytt form *eigendafélagsins* þannig „að hreppurinn reki félagsheimilið og sú nefnd sem yrði kosin yrði eins og aðrar nefndir hreppsins, og setti fram tillögur um rekstur og úrbætur hússins.“ Töluverð umræða varð um málið vegna bágrar fjárhagsstöðu þess. Á fundinum upplýsti kvenfélagið Brynja að það vildi draga sig út úr *eigendafélaginu*, Grettir upplýsti að það gæti ekki lagt fram fjármagn en gæti boðið sjálfboðavinnu, Skjöldur sagðist standa við sinn hlut til greiðslu. Ákveðið var að óska skriflegs svars frá öllum um hvort félögin vildu afhenda hreppnum eignarhluti sína eða upplýsti um hvernig þau leggi til að haga eigi rekstri hússins.

Var fundi frestað og framhaldsaðalfundur haldinn stuttu síðar vegna málsins. Kvenfélagið upplýsti að það óskaði eftir að hætta þátttöku í rekstri félagsheimilisins og afhenti öðrum eigendum hlut sinn að gjöf. Verkalýðsfélagið vildi greiða hlutdeild í eldri skulum en ekki tilbúið að greiða hlut sinn í væntanlegum framkvæmdum (viðbyggingu). Að öðu leyti vísuðu Skjöldur og Grettir til bréfs, sem ekki hefur fundist í gögnum sem komu frá hreppnum við sameiningu, varðandi þátttöku sína í rekstri hússins.

Í kjölfarið þessa ákvað fundurinn að reikna út eignarhlutföll miðað við breyttar forsendur og að framkvæmdanefnd sendi hreppsnefnd formlega beiðni um yfirtöku á rekstri hússins.

Með þessum hætti lýkur fundargerðarbókinni.

Frá sameiningu sveitarfélaganna hefur Ísafjarðarbær verið skráður umráðandi Félagsheimilisins á Flateyri í Fasteignaskrá og staðið straum af rekstri þess, viðhaldi og haft umsjón með notkun.

Árlegur orkukostnaður hússins síðustu ára er um 600-650 þúsund krónur, auk þess sem greidd eru eftirlitsgjöld, tryggingar, endurskoðun reikninga, umsýslu og utanumhalds, viðhald o.þ.h. Útlagður kostnaður á ári er um 1,2 m.kr., auk innri leigu sem er um 4,5 m.kr. árlega.

Ísafjarðarbær taldi mikilvægt að eignarhald félagsheimilisins kæmist á hreint, þ.e. hvort önnur hinna upphaflegu félagar töldu sig eiga hlut í Félagsheimilinu í dag í gegnum *eigendafélagið*. Var félögum sent erindi þess efnis og í kjölfar neitunar á eignarhaldi skrifuðu fyrri eigendur eigendafélagsins undir eignayfirlýsingu um staðfestingu þess efnis að Ísafjarðarbær væri réttur og löglegur eigandi fasteignarinnar að Grundarstíg 21.

Voru eignayfirlýsing og nýr uppfærður lóðarleigusamningur sendur sýslumanni til þinglýsingar og liggur nú fyrir að þinglýsing hefur farið fram, og telst Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, skráður eigandi fasteignarinnar frá og með 6. nóvember 2024.

Varðandi notkun hússins hefur hún verið lítil síðustu mánuði, eftir að Lýðskólinn á Flateyri hætti öllum afnotum. Þann 1. febrúar 2024 var samþykkt gjaldskrá fyrir húsið enda einstaka fyrirspurnir um afnot þess frá einstaklingum og/eða félagasamtökum. Sjá starfsmenn íþróttahússins á Flateyri um útleigu þess og aðra umsjón.

**Er nú óskað afstöðu bæjarráðs til næstu skrefa, en á árinu 2021 og 2022 voru uppi hugmyndir um sölu þess.**